

Vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, talið frá 4. október 1984.

Gagnstefnendur greiði aðalstefnanda kr. 350.000,00 í málskostnað.

Þriðjudaginn 14. apríl 1987.

Nr. 305/1986. **Hálfván Ingi Jensen og
Anna Lára Ármannsdóttir**

(Guðjón Styrkársson hrl.)

gegn

Hjördísi Þórarinsdóttur

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

Áfrýjunarstefna. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnum 19. febrúar 1986, að fengnum áfrýjunarleyfum sama dag samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Útivist varð í málunum í nóvember 1986 og var þeim áfrýjað að nýju með stefnum 18. nóvember 1986 með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 og þau sam-
einuð í eitt mál.

Í áfrýjunarstefnum lýsa áfrýjendur kröfum sínum svo, að þeir muni fyrir Hæstarétti „gera þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi og fjárnámi verði með eða án ómerkingar eða heimvísunar, með eða án nýrra gagna, raka, málsástæðna og krafna hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur sem áfrýjandi hefði komið að í héraði verði teknar til greina og honum verði jafnframt dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.“

Í greinargerð áfrýjenda fyrir Hæstarétti 25. nóvember 1986 er sú eina krafa gerð „að máli þessu verði vísað frá dómi til löglegrar meðferðar í héraði og að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld, enn fremur er krafist málskostnaðar að mati Hæstaréttar.“ Í ódagsettri greinargerð áfrýjenda, sem barst Hæstarétti eftir miðjan

mars sl., er þess aftur á móti krafist aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi, þar eð aðfararheimild hafi ekki verið fyrir hendi og að löghaldsgerð, sem fram fór 15. júlí 1985 á Patreksfirði í eignum Bjarna Gunnars Ívarssonar, verði ógilt. Þá er þar til vara krafist sýknu af öllum kröfum stefndu og til þrautavara að vextir verði ákveðnir „frá 15/7/85, 22% p.a. til 1/3/86, frá þ.d. 12% til 1/4/86, en frá þ.d. 9% og til 21/1/87, frá þ.d. 10% til 21/2/87 og frá þ.d. 11% til greiðsludags.“ Í öllum tilfellum krefjast áfrýjendur málskostnaðar.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Með hinum tilvitnuðu orðum úr áfrýjunarstefnu er ekki nægilega greint í hvaða skyni áfrýjað sé og hverjar séu dómkröfur áfrýjenda. Áfrýjunarstefnan fullnægir því ekki fyrir mælum 3. tl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 75/1973. Þá hefur greinargerð ekki verið hagað í samræmi við 44. gr. sömu laga. Verður því ekki hjá því komist að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur, Hálfðán Ingi Jensen og Anna Lára Ármannsdóttir, greiði stefndu, Hjördísi Þórarinsdóttur, 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 26. september 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 18. júlí sl. á hendur Hálfðáni Inga Jensen, nnr. 3539-5377, og Önnu Láru Ármannsdóttur, nnr. 0310-8082, báðum til lögheimilis að Tjarnargötu 4, Njarðvík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 34.535,90 með 3,5% drv. af kr. 30.620,90 fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá 15.7. '85 til greiðsludags og málskostnaður að skaðlausu samkvæmt lágmarks gjaldskrá LMFÍ.

Þá er krafist staðfestingar á kyrrsetningu sem fram fór á Nordmende

V-100 myndsegulbandstæki og Grundig Super Color litsjónvarpstæki 26“ úr búslóð stefndu sem fram fór í fógetarétti Barðastrandarsýslu þann 15. júlí 1985 til tryggingar kröfunni.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera vegna vanefnda á leigusamningi. Þau hafi með munnlegum leigusamningi leigt íbúð stefnanda að Aðalstræti 43 á Patreksfirði til 6 mánaða frá 15.12. 1984. Umsamin mánaðarleiga fyrir húsnæðið hafi verið kr. 6.000 sem greiðast skyldu mánaðarlega. Stefnandi kveður veruleg vanskil hafa orðið á leigugreiðslum og stefndu hafi ekki staðið við gefið loforð um að rýma húsnæðið þ. 15. júní '85. Það hafi þau gert fyrst þann 12. júlí sl., er umboðsmaður stefnanda var fjarverandi frá Patreksfirði og þá beðið óviðkomandi aðila fyrir lykla að íbúðinni. Stefndi kveður stefndu engin skil hafa gert á vangreiddri húsaleigu við brottför sína og í ljós hafi komið að auk húsaleiguskuldarinnar skuldi þau kr. 9.620,90 fyrir orkunotkun sem hún verði að standa Orkubúi Vestfjarða skil á til að koma í veg fyrir að lokað verði fyrir orku til íbúðarinnar. Stefndi hafi því látið kyrrsetja myndsegulbandstæki og sjónvarpstæki úr búslóð stefndu og beri henni því nauðsyn til að höfða mál þetta til staðfestingar kyrrsetningunni. Þá áskilur stefnandi sér rétt til bóta vegna slæmrar umgengni, en hún hafi látið dómkveðja matsmenn til að meta það en matið liggi ekki fyrir. Þá annaðhvort í framhaldsstefnu í máli þessu eða í sérstöku máli.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Vegna málskostnaðar er tekið tillit til kostnaðar vegna löghaldsgerðar sem fram fór 15.7. '85 í fógetarétti í Barðastrandarsýslu.

Málskostnaður ákveðst kr. 13.700,-

Dóminn kvað upp Þorsteinn Pétursson ftr.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Hálfán Ingi Jenssen og Anna Lára Ármannsdóttir, greiði in solidum stefnanda, Hjördísi Þórarinsdóttur, kr. 34.535,90 með 3,5% dráttarvöxtum af kr. 30.620,90 fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá 15.7. 1985 til greiðsludags og kr. 13.700,- í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum. Staðfest er löghaldsgerð er fram fór í fógetarétti Barðastrandarsýslu þ. 15. júlí '85 til tryggingar kröfunni í Nordmende V-myndsegulbandstæki og Grundig Super Color litsjónvarpstæki 26“ úr búslóð stefndu.